



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 27. ágúst 2018

Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun - Lánasjóður sveitarfélaga

Málsnr. 1806284

Minnisblað frá 21. júní 2018 – samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar þann 28. júní 2018

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 900 milljónum króna alls.

Annars vegar er um að ræða lántöku vegna framkvæmda við hjúkrunarheimili að fjárhæð 400 milljónir króna en búið er að framkvæma fyrir tæpar 900 milljónir króna. Hafnarfjarðarkaupstaður er með leigusamning vegna hjúkrunarheimilis til 40 ára til að mæta afborgunum lána.

Hins vegar er um að ræða lántöku vegna fjármögnunar á kaupum íbúða Húsnæðisskrifstofu fyrir 500 milljónir króna en það sem af er ári hafa verið keyptar íbúðir fyrir um 300 milljónir króna. Engin lán voru tekin fyrir kaupum íbúða að andvirði 257 milljónum króna árið 2017.

Lagt er til að sækja um lánsloforð hjá Lánasjóði sveitarfélaga í lánaflokki LSS55. Lánin eru til 37 ára og henta því vel í langtímafjármögnun sem þessa en þau eru jafnframt uppgreiðanleg eftir 27 ár. Lánin eru með jöfnum afborgunum, verðtryggð og með föstum vöxtum og er ávöxtunarkrafan nú 2,62%.

Gert er ráð fyrir að taka lán að fjárhæð 500 milljónum króna á næstu dögum og síðan eftir þörfum þar til 900 milljóna króna þaki er náð.

Nú hefur Lánasjóður lokið fjármögnun í LSS55 að andvirði 400 milljóna króna á 2,62% en áður hafði verið gengið frá lántökum að andvirði 500 milljóna króna.

Tillaga að bókun á fundi bæjarráðs 30. ágúst 2018:

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar, kt. 570790-1029, sem er 100% í eigu Hafnarfjarðarbæjar taki lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 406.063.898.- með lokagjalddaga þann 5. nóvember 2055, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggur fyrir fundinum og jafnframt að veita einfalda ábyrgð vegna lántökunnar.

Til tryggingar lánunum standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.